



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um stöðuna á innleiðingu markmiða í matarstefnu Reykjavíkurborgar er varða velferðarsvið*

Á fundi velferðarráðs þann 16. september 2020 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokks fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hver er staðan á innleiðingu markmiða í matarstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn þann 15. maí 2018, er varðar velferðarsvið? Hafa allar aðgerðir í matarstefnu varðandi þjónustu við eldri borgara fengið fjármagn, er varðar velferðarsvið?“

Svar:

Aðgerðir er varða velferðarsvið í matarstefnu Reykjavíkurborgar eru fjórar talsins og eru eftirfarandi:

a) *Aðgerð C2-1:* Borgin hafi næringarviðmið skilgreind fyrir alla aldurshópa sem neyta matar á vegum borgarinnar. Ráðleggingar Embættis landlæknis um næringu eldra fólks verða innleiddar þegar þær eru tilbúnar síðla árs 2018. Í þeim tilvikum sem Embætti landlæknis hefur ekki næringarviðmið setji borgin sjálf viðmið. Næringarráðgjafi hefur verið ráðinn sem verktaki og mun vinna með næringarhugbúnað, en hugbúnaðarsérfræðingur þarf að uppfæra það og aðstoða við innleiðingu á nýjungum. Áætlaður kostnaður: Innan ramma.

Staða: Næringarráðgjafi hefur verið ráðinn sem verktaki og mun vinna með næringarhugbúnað, en hugbúnaðarsérfræðingur þarf að uppfæra það og aðstoða við innleiðingu á nýjungum. Í dag er verið að útbúa útboð vegna kerfis til að halda utan um m.a næringarviðmið.

b) *Aðgerð C2-2:* Hefja reglubundna skimun fyrir næringarástandi fólks sem nýtur máltíðabþjónustu velferðasviðs.

Áætlaður kostnaður: Eitt stöðugildi, 10 milljónir

Staða: Lokið. Í stað ráðningu starfsmanns er aðkeypt vinna næringarráðgjafa, bæði fyrir eldhús og heimaþjónustu í tengslum við endurhæfingarteymi.

c) *Aðgerð C2-4:* Auka val fólks bæði í félagsmiðstöðvum eldri borgara og í heimsendum mat. Alltaf verði val um að lágmarki tvo valkosti.

Áætlaður kostnaður: 2-4 milljóna upphafskostnaður.

Staða: Þessi aðgerð er ekki fjármögnuð en hún kallar annað hvort á stærra eldhús eða kaup frá þriðja aðila.

d) *Aðgerð C2-5:* Unnar kjötvörur verði ekki í boði sem aðalmáltíð í mótuneytum borgarinnar oftar en fjórum sinnum á ári.

Áætlaður kostnaður: Innan ramma.

Staða: Boðið er upp á mat 365 daga á ári (ólíkt skólum þar sem það er gert í um 200 daga), þ.m.t. á stórhátíðum og af þeim sökum eru unnar kjötvörur í boði umfram 4 daga á ári á heildina litið. Séu stórhátíðir ekki teknar með þá er viðmiðinu mætt að mestu.

Sérstakt fjármagn fylgdi ekki með matarstefnunni. Aðgerðum í matarstefnu varðandi þjónustu við eldri borgara er varðar velferðarsvið hefur að mestu verið mætt innan fjárhagsramma velferðarsviðs nema aðgerð C2-4 en hún kallar á mun meiri kostnað en áætlað var. Til þess að geta boðið upp á val um tvo valkosti er þörf er á annað hvort á stærra eldhúsi eða kaup frá þriðja aðila.

.